

F250

Reglur um lokapróf

Prófstjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd prófa. Prófstjóri ber einnig ábyrgð á kynningu reglna þessara gagnvart kennurum, nemendum og prófamiðstöðvum fjarnáms.

Fyrirkomulag og gerð lokaprófa

Kennari ákveður fyrirkomulag prófs og lengd þess og birtir allar nauðsynlegar upplýsingar um það í kennsluáætlun. Sjá nánar um þetta efni í [V91 Námskeiðslýsingar og kennsluáætlun](#) í gæðahandbók skólans.

Próf eru skrifleg eða munnleg. Skrifleg lokapróf eru að jafnaði 2-4 klst. Skrifleg og munnleg próf sem haldin eru í skólanum eru gagnalaus nema annað sé tekið fram í kennsluáætlun. Kennari getur leyft notkun tölvu, aðgang að námsefni í heild eða að hluta og opinn netaðgang eftir því sem hann telur nauðsynlegt. Skólinn áskilur sér rétt til að nota hugbúnað til að framfylgja stöðluðu prófaumhverfi. Nánari upplýsingar má sjá í leiðbeiningum tölvudeildar. Skólinn skal veita öllum nemendum sambærilega aðstöðu í prófum.

Lokaprófið þarf að vera í samræmi við skilgreind lærdómsviðmið sem sett eru fram í námskeiðslýsingu, vera skýrt orðað og vel upp sett svo ekki fari á milli mála hvers ætlast er til af nemendum.

Útlit prófa og forsíða skal vera í samræmi við prófareglur. Sjá viðauka 1.

Skil lokaprófa til háskólaskrifstofu

Kennarar þurfa að skila fullbúnu eintaki af lokaprófi ásamt sjúkra- og úrbótaprófi til **háskólaskrifstofu** eigi síðar en 10 dögum **fyrir próf**, á rafrænu formi á netfangið profstjori@bifrost.is. Prófstjóri les prófið yfir og gerir athugasemdir ef þurfa þykir, þó eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir lokapróf.

Viðvera kennara í prófi

Ætlast er til að kennarar komi á prófstað þegar haldin eru próf. Kennarar þurfa að vera við síma á meðan á fjarnámsprófum stendur og reiðubúnir að leysa úr vafatriðum sem upp kunna að koma. Í sjúkra- og úrbótaprófum verða kennarar að vera við símann hvort heldur sem um er að ræða fjarnám eða staðnám. Kennari getur verið viðstaddur munnlegt próf í gegnum fjarfundarbúnað ef aðstæður krefjast.

Skil úrlausna

Úrlausnir skal merkja með prófnúmeri, blaðsíðutali og fjölda blaðsíðna. Nemendur skila leystu lokaprófi til yfirsetumanns. Sé lokapróf tekið á tölvu skal afriti skilað í kennslukerfi skólans að prófi loknu og öryggisafriti á netfangið prof@bifrost.is eða gegnum annan hugbúnað eftir aðstæðum hverju sinni. Nemendur sýni öðrum tillitsemi á prófstað og skilja gögn og tölvu eftir á borðum ef lokið er við próf áður en próftíminn er liðinn. Ekki er leyfilegt að yfirgefa próftökustað síðustu 30 mínútur próftímans.

Framkvæmd lokaprófa

Lokapróf fara fram í kennslusölum skólans, á prófamiðstöðvum skólans eða sem heimapróf. Framkvæmd prófa í fjarnámi geta verið í höndum símenntunarmiðstöðva, fræðlusetra og menntastofnana eða annarra aðila sem prófstjóri samþykkir. Nemendur sem

taka lokapróf erlendis bera sjálfir ábyrgð á að útvega próftökustað sem prófstjóri þarf að samþykkja. Próftökustaður þarf að liggja fyrir tveimur vikum fyrir prófaviku. Við skrifleg próf er yfirsetumanneskja í hverjum prófsal.

Prófdómarar eru viðstaddir öll munnleg próf og ákveða einkunn með kennara. Kennari velur prófdómara í samráði við deildarforseta. Einkunn sem prófdómari hefur staðfest er endanleg og ekki kæránleg. Séu kennarar í námskeiði fleiri en einn þurfa þeir einnig að kalla til einn prófdómara.

Í heimaprófi þreyta nemendur skrifleg próf heima og er það tímasett í námsmatsvikunni hvarrátt lotu. Nemendur mæta ekki á prófstað skólans né prófamíðstöð til að þreyta prófið. Kennari ákveður lengd prófsins og tímabilið sem prófið er opið nemendum til að þreyta prófið. Heimapróf eru með gögnum og aðgangi að interneti. Sömu reglur gilda um heimapróf og önnur próf varðandi veikindi og fall í prófi.

Lágmarksárangur í lokaprófi og úrbótaprófi

- a) Til þess að ná námskeiði þarf nemandi að ná einkunninni 5.
- b) Sé prófseinkunn yfir 30% lokaeinkunnar þarf nemandi að ná 5 í hvorum hluta námskeiðs fyrir sig, verkefnahluta og prófhluta.
- c) Til að öðlast próftökurétt þarf nemandi að ná einkunninni 5 fyrir verkefnahluta. Það er á ábyrgð nemanda að fullvissa sig um að hann hafi próftökurétt áður en hann mætir til prófs.
- d) Sé námskeið próflaust gildir vegið meðaltal verkefna og annarra þátta námsmats.
- e) Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn á prófi, stendur honum til boða að taka úrbótapróf á því tímabili sem háskólaskrifstofa ákvarðar. Falli nemandi á úrbótaprófi verður hann að endurtaka námskeiðið.
- f) Falli nemandi í verkefnahluta námskeiðs verður hann að endurtaka námskeiðið.
- g) Falli nemandi í annað sinn í námskeiði eftir að hafa fullnýtt úrbótamöguleika missir hann rétt til áframhaldandi skólavistar og telst hafa sagt sig úr skólanum, skv. 28. gr. reglugerðar skólans.

Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn 5,0 í lokaverkefni námskeiðs getur kennari gefið honum kost á að lagfæra og skila verkefni aftur til kennara innan tilskilins tíma sem kennari ákveður. Skilafrest ber að ákveða þannig að hann sé innan tveggja vikna frá fyrri skilum þannig að einkunn liggi fyrir innan tveggja vikna frá síðasta prófdegi í námsmatstímabili lotu.

Sérúrræði

Nemendur sem búa við fötlun í skilningi 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra eiga rétt á sérúrræðum við próftöku.

Skólinn veitir öllum nemendum sambærilega aðstöðu í lokaprófum og sér til þess að nemendur sem þarfnast sérúrræða fái þann aðbúnað við próftöku sem þeir þarfnast, að því marki sem kostur er.

Viðbótartími nemenda með sérúrræði er 15 mínútur fyrir hverja klukkustund skriflegs lokaprófs, á ekki við um munnleg lokapróf. Að öðru leyti metur námsráðgjafi hvaða úrræði henti best í hverju tilfelli fyrir sig.

Brot á reglum

Brjóti nemandi reglur um próftöku eða hafi rangt við skal hann hljóta einkunn 0.

Veikindi, úrbótapróf

Nemandi hefur því aðeins heimild til að þreyta úrbótapróf að hann eða hún hafi mætt til lokaprófs. Þetta á þó ekki við hafi nemandi ekki getað mætt í lokapróf vegna veikinda. Ef nemandi gengur úr prófi fær hann 0 í einkunn og verður að standast úrbótapróf til að ljúka námskeiðinu.

Geti nemandi ekki mætt í lokapróf vegna veikinda býðst honum að hafa samband samdægurs við hjúkrunarfræðing hjá *Heilsuvernd Glæsibæ* og skrá veikindafjarveru. *Heilsuvernd* sendir læknisvottorð rafrænt til skrifstofu skólans og skráist það beint í kennslukerfi skólans.

Tilkynna ber veikindi í lokaprófi í tölvupósti til prófstjóra **áður en prófið hefst**. Læknisvottorð skal berast prófstjóra innan tveggja virkra daga frá því próf var haldið.

Lokapróf og sjúkra/úrbótapróf

Prófamöguleikar eru tveir, lokapróf og sjúkra/úrbótapróf. Falli nemandi á sjúkraprófi þarf hann að taka námskeiðið aftur. Sama gildir ef veikindi koma í veg fyrir að nemandi, sem hefur misst af lokaprófi vegna veikinda, missir af sjúkraprófi, og ef veikindi koma í veg fyrir að nemandi sem hefur fallið geti nýtt sér úrbótamöguleika.

Nemandi sem hefur ekki getað nýtt sér prófmöguleikana tvo getur í eftirfarandi tilvikum sótt um að taka próf næst þegar námskeið er kennt.

- a) Langvarandi alvarleg veikindi staðfest af lækni.
- b) Andlát náins ættingja.

Sækja skal um undanþágu til námsráðgjafa sem í samráði við fagrað afgreiðir beiðnina. Fáir nemandi undanþágu til að taka próf næst þegar námskeið er kennt ber hann alfarið ábyrgð á því að skrá sig í prófið. Bent skal á að prófafyrirkomulag námskeiða getur breyst á milli ára og ekki verður vikið frá því fyrirkomulagi fyrir nemanda sem fær þriðja prófmöguleika.

Viðmiðun um einkunnir

10	fullkomin tök á efninu. Einkunn þessi er einungis gefin fyrir úrlausn sem skarar fram úr öðrum.
9,0 – 9,5	framúrskarandi skilningur og færni.
8,0 – 8,5	mjög góð þekking og skilningur.
7,0 – 7,5	greinargóð þekking.
5,5 – 6,5	sæmileg þekking á grundvallaratriðum.
5,0	lágmarksþekking á grundvallaratriðum.
0,0 - 4,5	óviðunandi úrlausn.

Skil einkunna

Kennarar skila verkefna- og prófseinkunnum í kennslukerfi skólans og loka námskeiði en birta nemendum **ekki** lokaekinnuna. Kennarar bera ábyrgð á útreikningi lokaekinnar í námskeiði og því er mikilvægt að þeir slái inn rétta einkunnareglu og vægi verkefna í kennslukerfinu. Háskólaskrifstofa birtir prófseinkunnir og útreiknaða lokaekinnu sem byggir á þeirri einkunnareglu sem kennarar velja.

Þegar einkunn fyrir lokapróf eða lokaverkefni hefur verið færð, og búið er að ganga frá öllum verkefnaeinkunnum námskeiðsins, skilar kennari undirrituðu einkunnablaði með öllum einkunnum námskeiðsins til prófstjóra og lokar námskeiðinu. Einkunnir í munnlegum prófum

þurfa að vera staðfestar af prófdómara ásamt kennara með undirskrift. Háskólaskrifstofa varðveitir einkunnablaðið.

Kennarar hafa tveggja vikna frest til að ljúka yfirferð lokaprófs eða lokaverkefnis og skila af sér loka-einkunnum.

Prófsýning

Kennari skipuleggur prófsýningu og skal hún fara fram eigi síðar en viku eftir birtingu loka-einkunna. Við prófsýningu gefst nemendum kostur á að ræða við kennara um mat á skriflegri prófurlausn og þeir geta farið yfir úrlausn sína með kennara á auglýstum tíma.

Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, ekki una námsmati kennara getur hann kært matið til kennslusviðs sbr. 31 gr. reglugerðar skólans. Kæran skal lögð fram skriflega innan fjögurra virkra daga frá prófsýningu. Sé prófurlausn ekki aðgengileg nemanda á rafrænu formi getur hann fengið afrit hennar frá kennara eða úr kennslukerfi. Prófdómari skal skila einkunn eins fljótt og unnt er og er hún endanleg. Einkunnir fyrir munnleg próf eru ekki kærnanlegar.

Að loknum prófsýningardegi skulu skriflegar úrlausnir nemenda afhentar prófstjóra sem geymir þau í eitt ár frá próftökudegi.

Ekki er boðið upp á formlega prófsýningu að sjúkra- og úrbótaprófum loknum. Nemendur geta óskað eftir því við kennara að sjá prófurlausn og fá skýringar á námsmati.

Forsíða prófa

Kennari skal nota staðlaða forsíðu sem finna má í viðauka 1 í þessum prófareglum.

Reglur á próftökustað

- Mælst er til þess að nemendur hafi komið sér fyrir í prófstofu eigi síðar en tíu mínútum áður en próf hefst, af tillitssemi við aðra nemendur.
- Nemendur sem taka lokapróf þurfa að sýna skilríki.
- Öll rafræn samskiptatæki eru bönnuð í lokaprófi. Nemendum ber að slökkva á farsímum. Óheimilt er að hafa farsíma uppi við meðan á lokaprófi stendur.
- Tónhlöður (ipod) og sambærileg tæki, auk fylgihluta t.d. heyrnatól, eru ekki leyfð í lokaprófum.
- Nemendur þurfa að vista prófskjalið á sína tölvu og merkja það með prófnúmeri, heiti námskeiðs og blaðsíðutali.
- Eftir að próf hefur verið sótt í kennslukerfi skólans og vistað í tölvu skal nemandi skrá sig út af kennslukerfinu.
- Útrentun á úrlausn prófa er ekki nauðsynleg nema það sé sérstaklega tekið fram.
- Öllum frágangi á prófaúrlausninni á að vera lokið innan próftímans.
- Skila á rafrænu prófi í kennslukerfi skólans og á netfangið prof@bifrost.is.
- Komi upp vandamál með skil inn á MySchool eða sendingu á prof@bifrost.is skal nemandi gefa sig fram við prófstjóra eða yfirsetumanneskju sem aðstoðar þegar allir hafa yfirgefið salinn.

- Ef úrlausn er skilað áður en próftíma er lokið á að skilja eftir gögn og tölvu á borðinu til þess að valda sem minnstri röskun í prófsal og ganga hljóðlega út en muna eftir að senda rafræn eintök og láta yfirsetufólk vita.
- Leyfi kennari ekki notkun tölvu í prófi skal úrlausn skilað til yfirsetufólks á pappír.
- Til að sem minnst rask sé á prófstað er ekki leyfilegt að yfirgefa salinn síðustu 30 mínútur próftímans enda þótt að úrlausn á prófi sé lokið.
- Biðja þarf um leyfi til þess að fara á salerni og takmarka tímann við 5 mínútur. Aðeins einn nemandi yfirgefur salinn í einu. Nemandi er ekki leyfilegt að yfirgefa stofuna af öðru tilefni.

Brot á prófareglum getur leitt til brottreksturs úr skóla skv. 29. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst.

Staðfest af rektor 21. júní 2017 með gildistöku 1. ágúst 2017

Viðauki 1 – Forsíða prófa



Viðskiptasvið

Lokapróf

Númer og skammstöfun

Heiti námskeiðs

Vorönn 2013

2. apríl

Kennarar:

GSM: fyrir fjarnám

Prófið er **x síður** með forsíðu.

Öll gögn eru leyfileg en öll samskipti bönnuð, hafið slík tæki ekki í gangi á próftíma. Internetið má **ekki nota** í þessu prófi. Brot á samskiptabanni eða ritstuldur getur varðað brottrekstri úr skóla.

Merkingar úrlausna er hluti af fyrirmælum á prófi. Það er á ykkar ábyrgð að skila úrlausnum, merktum með prófnúmeri, **að prófi loknu á MySchool og öryggisafriti á netfangið prof@bifrost.is.**

Sýnið öðrum tillitsemi og skiljið gögn og tölvu eftir á borðum ef þið ljúkið prófi áður en prófímínn er liðinn. Ekki er leyfilegt að yfirgefa próftökustað síðustu 30 mínútur próftímans.

Prófnúmer: _____

Leysið eftirfarandi verkefni á næstu **180 mínútum**. Skipuleggið tímann vel. Munið að lesa spurningarnar vel áður en þið svarið.

Gott er að byrja á því að lesa yfir allt prófið áður en farið er í að svara einstökum spurningum/dæmum. Hafa ber í huga að best er að byrja á þeim verkefnum sem maður ræður best við. Ef þið lendið í tímahraki er gott að reyna við sem flest verkefni þó ekki sé unnt að klára þau öll að fullu.

Gangi þér vel!